



Viðmiðunarreglur fræðsluþjónustu Skagafjarðar við afgreiðslu umsókna um flýtingu eða seinkun barns á skilum leik – og grunnskóla.

Í 15. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 um skólaskyldu segir: „Skólaskylda barns hefst að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar/forsjáraðilar barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu“. Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 segir: „Meginreglan er sú að börn byrja í grunnskóla á því almanaksári sem þau ná sex ára aldri. Samkvæmt bæði leik – og grunnskólalögum má þó flýta eða seinka skólabyrjun. Skólastjóri grunnskóla getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilað að barn hefji skólagöngu fimm ára eða sjö ára.

1. Flýting á grunnskólagöngu barns:

1. Foreldrar/forsjáraðilar sækja skriflega um flýtingu á upphafi grunnskólagöngu barns til skólastjóra hverfisgrunnskóla barns. Sótt er um flýtingu á því almanaksári sem barnið verður 5 ára, eigi síðar en 15. apríl á því ári sem grunnskólaganga á að hefjast.
2. Skólastjóri grunnskóla óskar skriflega eftir umsögn leikskóla innan viku frá því að umsókn um flýtingu berst.

Í umsögn leikskóla þarf að koma fram:

- a. *Almenn umsögn um þroskastöðu barnsins, m.a. með vísan í niðurstöður Íslenska þroskalistans og Hljóm-2.*
- b. *Greinargerð um leikskólanám barnsins.*
- c. *Upplýsingar um félagslega stöðu barnsins.*
- d. *Líkamleg heilsa og þroski.*
- e. *Mat á hvort staða barnsins í ofangreindum þáttum (a-d) sé á við ári eldri börn.*
- f. *Afstaða leikskóla til umsóknar foreldra/forsjáraðila?*

Ef niðurstöður umsagnar leikskóla eru þær að barn sé með þroska fyrir ofan jafnaldra sendir skólastjóri skriflega umsókn til fræðsluþjónustu og óskar eftir eftirfarandi upplýsingum:

- a. **Vitsmunaproski.** *Heildartala greindar á viðurkenndum mælitækjum s.s. WIPPSI-R sé á við eldri börn.*
- b. **Almenn námsfærni.** *Almenn kunnátta barnsins (t.d. læsi, talnaskilningur og fínhyrfingar), einbeiting og úthald. Barnið þarf að geta staðið undir námskröfum og því þarf námsfærni að vera eins og gerist hjá börnum einu ári eldri. Byggja þarf mat á viðurkenndum mælitækjum.*
- c. **Félagsþroski** *barnið þarf að vera í góðu tilfinningalegu jafnvægi og eiga auðvelt með aðlögun. Viðurkennt hegðunarmat þarf að liggja fyrir.*



- d. **Upplýsingar um ráðgjöf** sem fræðsluþjónusta hefur veitt vegna barnsins sem og aðkomu að mati og greiningum á barninu.
 - e. **Afstaða leikskóla** til umsóknar foreldra/forsjáraðila.
3. Umsögn sérfræðiþjónustu og leikskóla skal berast skólustjóra grunnskóla eigi síðar en mánuði frá því að beiðni barst frá skólustjóra.
 4. Skólustjóri grunnskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um flýtingu að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu og leikskóla.
 5. Hyggist skólustjóri synja umsókn um flýtingu skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt ítarlegum rökstuðningi. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993.

2. Seinkun á upphafi skólagöngu barns:

1. Foreldrar/forsjáraðilar sækja skriflega um seinkun á upphafi grunnskólagöngu til skólustjóra hverfisgrunnskóla barns. Sótt er um seinkun á því almanaksári sem barnið verður sex ára, eigi síðar en 15. apríl á því ári sem grunnskólaganga á að hefjast.
2. Skólustjóri grunnskóla óskar skriflega eftir umsögn sérfræðiþjónustu og leikskóla hafi barnið sótt leikskóla, innan viku frá því að umsókn um seinkun berst.

Í umsögn sérfræðiþjónustunnar þarf að koma fram:

- a. **Almenn námsfærni.** Almenn kunnátta barnsins er seinkuð og er eins og gerist hjá börnum einu ári yngri. Byggja þarf mat á viðurkenndum mælitækjum.
- b. **Félagsþroski** þarf að vera a.m.k. eins og gerist hjá börnum einu ári yngri. Viðurkennt hegðunarmat þarf að liggja fyrir.
- c. **Vitsmunapróska.** Heildartala greindar á viðurkenndum mælitækjum s.s. WIPPSIR sé á við ári yngri börn.
- d. **Líkamleg heilsa og þroski.** Mat er lagt á líkamlegan þroska, hreyfifærni og málþroska. Æskilegt er að mat talmeinafræðings liggja fyrir á stöðu barnsins.
- e. **Upplýsingar um ráðgjöf** sem sérfræðiþjónusta hefur veitt vegna barnsins sem og aðkomu að mati og greiningum á barninu.
- f. **Afstaða fræðsluþjónustu** til umsóknar foreldra/forsjáraðila?
- g. **Svör** við því hvort barninu sé tryggð áframhaldandi leikskóladvöl ef af verður?

Í umsögn leikskóla skal koma fram:

- a. Almenn umsögn um þroskastöðu barnsins m.a. með vísan í niðurstöður Íslenska þroskalistans.
- b. Greinargerð um leikskólanám barnsins.



- c. Upplýsingar um félagslega stöðu barnsins.*
 - d. Afstaða leikskólans til umsóknar foreldra/forsjáraðila?*
3. Umsögn sérfræðipjónustu og leikskóla skal berast skólastjóra grunnskóla eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að beiðni barst frá skólastjóra.
 4. Skólastjóri grunnskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um seinkun að fenginni umsögn sérfræðipjónustu og leikskóla
 5. Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt ítarlegum rökstuðningi. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993.

Komi fram ósk um flýtingu/seinkun barns á síðari aldurstigum þess skal stuðst við reglur þessar eins og hægt er.

Staðfest í fræðslunefnd þann 30. ágúst 2021



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf.: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 5506982349 • Vasknr: 60077